

# Desember 2016

## Komið sæl

Nú er desember að banka á dyr og erum við farin að undirbúa jólin hér í leikskólunum. Börnin eru byrjuð að útbúa gjöf handa foreldrum sínum, pakka inn og gera kort. Einnig hefur verið undirbúningur fyrir jólasöngfundinn, jólaföndrið og jóla-ævintýraferðina.

Ákveðið var að breyta aðeins skipulagi foreldraheimsókna á adventunni og varð niðurstaðan á þessa leið:

Jólasöngfundur verður með börnum og foreldrum á Skýjaborg og Sólkoti í sal föstudaginn 2. desember klukkan 9:00. Að loknum söngfundi verður farið inná deild og borðaðir ávextir saman. Börnin á Mánakoti bjóða foreldrum í föndur þriðjudaginn 6. desember frá 9-10 og börn á Kátakoti bjóða sínum foreldrum í föndur þann 7. desember frá 9-10. Börnin á Hólakoti fara í ævintýraferð föstudaginn 9. desember og eru foreldrar velkomnir með. Fer það eftir aðstæðum hvert verður farið en allir fá heitt kakó og piparkökur í ferðinni sem börnin hafa málað.

Jólaballið er á vegum foreldrafélagsins og verður haldið þann 8. desember í Bergi kl: 17:00. Vonandi komast sem flestir. Jólasveinar kíkja í heimsókn og aldrei að vita nema þeir eigi eitthvað í pokahorninu. Börn af Hólakoti mæta klukkan 16:30 ásamt foreldrum sínum og munu fara með jólasveinavísur, salurinn opnar strax að því loknu.

Annars ætlum við að njóta þess að vera til og skapa rólega jólastemningu á adventunni föndra, lesa jólasögur og syngja jólasöngva. Við ætlum að hafa jólamatinn þann 15. desember og er þá einnig rauður dagur og gaman ef sem flestir koma í einhverju rauðu eða jafnvel með jólahúfur.

Lilja Rós, deildarstjóri á Hólakoti hefur sagt upp störfum og mun að öllum líkindum hætta um áramót. Auglýst hefur verið eftir nýjum deildarstjóra.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.



## Matseðill í desember

Við hagræðum aðeins matseðlinum í desember.

### Í Krílakoti

15. des verður jóla-hangikjöt með öllu tilheyrandi.

21. desember verður skyr

23. desember verður nætursaltaður fiskur.




Það er mikilvægt að flokka rusl, plast og pappír til að vernda umhverfið.

Flokkar þú ruslið þitt?

## Grænfáninn

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Foreldraráð 2016-2017

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Freyr (Þórlaug Diljá)  
Karl (Briet Þóra og Bóas Atli)

Erna Þórey (Egiill Bjarki og Unnar María)

Sunna (Álfgrímur Bragi)

## Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Það er mikilvægt að hafa þarfir okkar og annarra í huga í daglegu lífi. Við erum ólík og það er í lagi en við verðum að taka tillit til hvers annars.

Eigið góðar stundir í skammdeginu, njótum samveru og gerum eitthvað skemmtilegt og eftirminnilegt saman.

Við viljum biðja foreldra að hjálpa okkur að kenna börnunum regluna um að kennarastólar eru fyrir kennara.

Við erum að kenna börnunum að láta takkann sem opnar útihurðina vera til að koma í veg fyrir að lítil börn fari út eða klemmi sig. Við biðjum ykkur foreldra að aðstoða okkur og sjá um að opna hurðina í stað þess að láta börnin gera það.



## Jólasveinar einn og átta.....

Eitthvað er á huldu hvað jólasveinarnir eru margir, allt frá níu og upp í þrettán. Við ætlum að ganga út frá að þeir séu þrettán og koma þeir af okkar bestu vitund í þessari röð ef þeir ruglast ekki í rýminu blessaðir sveinarnir.

Fyrsti jólasveinninn kemur aðfaranótt 12. desember

- 12. des. Stekkjastaur
- 13. des. Giljagaur
- 14. des. Stúfur
- 15. des. Þvörusleikir
- 16. des. Pottaskefill
- 17. des. Askasleikir
- 18. des. Hurðaskellir
- 19. des. Skyrgámur
- 20. des. Þjúgnakrækir
- 21. des. Gluggagægir
- 22. des. Gáttapefur.
- 23. des. Ketkrókur.
- 24. des. Kertasníkir.

**Rauður dagur 15. desember**

**Má koma með jólahúfur**

Sveinarnir eiga til að lauma einhverju í skó barnanna og byðjum við foreldra að geyma skógjafir heima. Við vonum að sveinarnar séu vel undirbúnir og gæti jafnfræðis þegar kemur að því að lauma einhverju í skó barna.



**Viðmiðunarregla sveitarfélagsins er að börn yngri en 11 ára eiga ekki að sækja börn í leikskólann og biðjum við ykkur að virða hana.**

Umboðsmaður barna leggur til að sveitarfélög hafi ákveðnar reglur varðandi aldur barna sem mega sækja börn í leikskólann. Umboðsmaður barna segir að ekki sé rétt að leggja almennt þá ábyrgð á börn yngri en 12 ára að tryggja öryggi og velferð yngri barna á leið til og frá leikskóla en taka skuli tillit til aðstæðna á hverjum stað.



## Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2016-2017

- Katla (Arnór Atli)
- María (Sunna Valdís)
- Júlíana (Einar og Sæþór)
- Elíngunn (Hilmir Peyr)
- Eyþór Ingi (Elva Marín)

**Stöndum saman að velferð barna okkar**

## Kaffihúsaferð

Í desember hefur foreldrafélagið boðið börnunum upp á að fara í kaffihús.

Hólakot og Kátakot munu fara á Gísla, Eirík og Helga og eiga notalega stund með kennurunum sínum.

Sólkot og Mánakot munu heimsækja Basalt kaffihús og Skýjaborg fær ávextakörfu frá foreldrafélaginu.

**Takk fyrir okkur foreldrar.**



## Vistunartími

Við viljum biðja foreldra að virða umsaminn vistunartíma.

Kærar þakkir

## Breytingar á vistun

Ef foreldrar ætla að óska eftir **breyttum vistunartíma þarf það að gerast með mánaðar fyrirvara** og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Óskir um breytta vistun eru gerðar skriflega á þar til gerðum eyðublöðum.

## Mengun og öryggi

Við viljum byðja foreldra að skilja bíla sína ekki í gangi fyrir utan leikskólana.

Verum varkár og munum endurskinsmerkin.

## Föt Föt Föt

Munið að merkja föt og skó barna ykkar vel. Við minnum á að í Krílakoti eru um 100 börn og erfitt fyrir starfsfólk að þekkja í sundur ómerkt föt. Það eru líkur á að þau tapist ef þau eru ómerkt.





# Myndir úr leik og starfi



Málað úti í náttúrunni



Skemmtilegt listaverk



Perlað af hjartjans list



Í hlutverkaleik



Gaman saman



Leirað



Sjáðu hattinn minn



Hópatími



Skrifstofu leikur

## Skipti-fata-markaður

Við minnum á skiptifatamarkaðinn okkar og hvetjum foreldra til að nýta sér að skipta á fatnaði. Börnin eru fljót að stækka og vaxa upp úr fötum og því gott að geta komið með lítil föt og skipt út fyrir stærri eða öflugt.

Skiptifatamarkaðurinn er liður í grænfánastarfi skólans.

